

## REGLUR

### um viðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum.

#### 1. gr.

*Aðild að viðskiptum á millibankamarkaði í íslenskum krónum.*

Eftirfarandi fjármálafyrirtæki geta orðið aðilar að viðskiptum á millibankamarkaði í íslenskum krónum:

1. Fjármálafyrirtæki (lánastofnanir) sem fengið hafa starfsleyfi skv. 1., 2. og 3. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
2. Útibú erlendra fjármálafyrirtækja sem fengið hafa staðfestu og samsvarandi starfsleyfi og greinir í 1. tl. 1. mgr. þessarar greinar í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. 31. gr. laga nr. 161/2002 og starfa hér á landi.
3. Útibú erlendra fjármálafyrirtækja með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem fengið hafa heimild Fjármálaeftirlitsins skv. 33. gr. laga nr. 161/2002 enda hafi fyrirtækið hliðstætt starfsleyfi og 1., 2. og 3. tl. 1. mgr. 4. gr. sömu laga kveður á um í heimaríkinu, starfsemin sem fyrirtækið hyggst stunda hér á landi sé sambærileg og að starfsemi fyrirtækisins sé háð sambærilegu fjármálaeftirliti og lög nr. 87/1998 kveða á um í heimaríkinu.

Hver sá, sem æskir þess að verða aðili í viðskiptum á millibankamarkaði skv. reglum þessum, skal sækja um það skriflega til Seðlabanka Íslands. Seðlabankinn sendir skriflegt svar við umsókn innan tveggja vikna frá því að hún berst. Samþykki bankinn umsóknina tilkynnir hann það aðilum á markaðnum í síðasta lagi fimm viðskiptadögum áður en aðild umsækjanda tekur gildi.

Um uppsögn aðildar að viðskiptum á millibankamarkaði skv. reglum þessum gilda ákvæði 12. gr.

#### 2. gr.

*Skyldur aðila vegna tilboða og viðskipta.*

Markaðsaðilum er skylt að gefa upp bindandi inn- og útlánstilboð ef annar aðili óskar þess. Tilboð aðila skulu taka til eftirfarandi lánstíma og lágmarksfjárhæða:

- Eins dags inn- eða útlán, lágmarksfjárhæð 300 m.kr.
- Einnar viku inn- og útlán, lágmarksfjárhæð 100 m.kr.
- Eins mánaðar inn- og útlán, lágmarksfjárhæð 100 m.kr.
- Priggja mánaða inn- og útlán, lágmarksfjárhæð 100 m.kr.
- Sex mánaða inn- og útlán, lágmarksfjárhæð 50 m.kr.
- Níu mánaða inn- og útlán, lágmarksfjárhæð, 50 m.kr.
- Tólf mánaða inn- og útlán, lágmarksfjárhæð, 50 m.kr.

Tilboð eru bindandi svo fremi að lánalínur, sbr. 9. gr. þessara reglna, séu ekki fullnýttar. Ef aðili óskar eftir viðskiptum fyrir hærri fjárhæð en tilgreind er að framan, er mótaðila í sjálfsvald sett hvort hann vill eiga slík viðskipti. Aðila, sem gert hefur tilboð, sem leitt hefur til viðskipta, er ekki skylt að gera sama mótaðila tilboð aftur fyrr en 10 mínútur hafa liðið frá fyrri viðskiptum.

Alþjóða- og markaðssvið Seðlabankans annast samskipti við aðila á millibankamarkaði.

#### 3. gr.

*Markaðstími.*

Viðskipti á millibankamarkaði í íslenskum krónum fara fram frá kl. 9.15 til 16.00 hvern viðskiptadag.

#### 4. gr.

*Vaxtilboð inn- og útlána.*

Aðilar skuldbinda sig til þess að uppfæra reglulega skuldbindandi vaxtilboð á inn- og útlánum á millibankamarkaði á sérstakri síðu í upplýsingakerfi Reuters. Vexti skal uppfæra eigi sjaldnar en á 10 mínuftna fresti.

## 5. gr.

*Upplýsingaskylda.*

Aðili, sem gefið hefur upp vexti er leitt hafa til inn- eða útlánsviðskipta, skal tilkynna það Seðlabankanum, eigi síðar en við lok markaðar. Þar skal koma fram mótaðili, fjárhæð, lánstími og vextir.

Aðili skal, hvenær sem Seðlabankinn óskar þess, greina frá eða afhenda bankanum hverjar þær upplýsingar sem tengjast millibankamarkaði og viðskiptum á honum og Seðlabankinn telur nauðsynlegt að afla við framkvæmd reglna þessara. Þátttakendum ber einnig að veita Seðlabankanum upplýsingar um viðskipti og annað það sem líklegt er til þess að hafa umtalsverð áhrif á markaðinn.

## 6. gr.

*Skráning Seðlabankans á vöxtum á millibankamarkaði.*

Seðlabankinn skráir millibankavexti í íslenskum krónum (REIBOR og REIBID) með hliðsjón af vaxtilboðum aðila. Hvern viðskiptadag milli kl. 11.15 og 11.30 skoðar Seðlabankinn tilboð allra aðila, reiknar út meðaltal innlánsvaxta og útlánsvaxta og birtir millibankavexti á þeim grundvelli. Séu þátttakendur fjórir eða fleiri skal við útreikning meðaltals tilboða sleppa hæsta og lægsta tilboði í inn- og útlán fyrir hvern lánstíma. Ef aðilar millibankamarkaðar eru þrír eða færri, ákvarðar Seðlabankinn hvort við útreikning meðaltals tilboða skuli sleppa hæsta og lægsta tilboði í inn- og útlán fyrir hvern lánstíma eða reikna út einfalt meðaltal tilboða í inn- og útlán fyrir hvern lánstíma.

Vaxtilboð aðila á millibankamarkaði eru aðeins tekin með í útreikning millibankavaxta Seðlabankans hafi þeir samþykkt línum meirihluta markaðsaðila, sbr. 9 gr. þessara reglna.

Seðlabankinn birtir skráða millibankavexti á vefsíðu sinni og í upplýsingakerfi Reuters og/eða í öðru sambærilegu kerfi sem markaðasaðilar koma sér saman um. Einnig birtir Seðlabankinn á vefsíðu sinni upplýsingar um heildarviðskipti á millibankamarkaði með krónur.

## 7. gr.

*Aðferð við útreikning/samskipti.*

Við útreikning vaxtafjárhæðar er notuð aðferðin raun/360. Tilboð skulu sett fram með einföldum vöxtum. Við gerð samnings um innlán og útlán koma aðilar sér saman um vexti, upphafsfjárhæð, fjárhæð vaxta, lokafjárhæð, gildisdag og gjalddaga.

## 8. gr.

*Vaxtabil í tilboðum.*

Hámark vaxtabils milli inn- og útlána í tilboðum markaðsaðila til eins mánaðar eða lengri tíma er 100 punktar. Ekki er skilgreint hámarks vaxtabil í tilboðum með styttri tímabréfum. Enginn aðili skal að staðaldri verðleggja sig út af markaðnum með óhagstæðum tilboðum. Seðlabankinn fylgist með vaxtabili í tilboðum þátttakenda og getur svipt þátttakanda aðild að markaðnum telji hann að atferli þátttakanda sé óeðlilegt á markaðnum.

## 9. gr.

*Lánalínur.*

Aðilar semja um lánalínur sín á milli. Tilkynna skal Seðlabankanum um fjárhæð lánalína og breytingar á þeim. Ef markaðsaðili neitar að taku við innláni skal umsvifalaust tilkynna það til Seðlabankans. Það sama gildir ef markaðsaðili neitar að veita lán og þær lánalínur sem samþykktar voru milli viðkomandi markaðsaðila eru ekki fullnýttar. Telji Seðlabanki Íslands að markaðsaðili standi ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt reglum þessum getur bankinn svipt hann aðild að markaðnum sbr. 12. gr. þessara reglna.

## 10. gr.

*Gildisdagur viðskipta.*

Fyrir inn- og útlán í einn dag og viku er afhendingardagur og fyrsti vaxtagur sami dagur og samningurinn er gerður (T+0). Fyrir inn- og útlán í aðrar tímabréfum sbr. 2. gr., gildir tveggja daga regla (T+2) fyrir afhendingu og útreikning vaxta.

## 11. gr.

*Samskipti og siðareglur.*

Aðilar skulu sjá til þess að starfsmenn þeirra, sem annast viðskipti á millibankamarkaði, hafi næga þekkingu til að annast viðskipti. Aðilar skulu hafa yfir að ráða fullnægjandi innri eftirlitskerfum til að meta og stýra áhættu í millibankaviðskiptum. Aðilar skulu tilkynna Seðlabankanum fyrirfram hverjir sinna viðskiptum á millibankamarkaði fyrir þeirra hönd, svo og ef starfsemi aðila tekur breytingum eða skipt er um yfirmenn viðskipta aðila á millibankamarkaði. Aðilar skulu tilnefna tengiliði vegna samskipta við Seðlabankann og skal við það miðað að þeir séu yfirmenn viðskipta þeirra á millibankamarkaði. Seðlabankinn skal reglulega boða til funda tengiliða, þar sem fjallað verði um leikreglur markaðarins. Aðilar skulu stuðla að heilbrigðum viðskiptaháttum.

Aðilar skulu fylgjast með öllum vísbendingum um óeðlilegt atferli að því er varðar umfang, tíðni og frágang viðskipta og tilkynna Seðlabankanum um slíkt verði þeir þess áskynja og ennfremur um hvaðeina annað sem óeðlilegt gæti talist.

## 12. gr.

*Uppslögn þátttöku og viðurlög.*

Aðili, sem hyggst segja upp aðild að millibankamarkaði samkvæmt reglum þessum, skal tilkynna Seðlabanka Íslands þá ákvörðun skriflega með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.

Telji Seðlabanki Íslands að aðili standi ekki við skuldbindingar samkvæmt reglum þessum getur bankinn svipt hann samstundis aðild að millibankaviðskiptum. Sú ákvörðun skal tilkynnt öllum aðilum. Tilboð og viðskipti slíks aðila teljast þá ekki lengur gild millibankaviðskipti.

## 13. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 38. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands, öðlast gildi hinn 1. október 2009. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 177 frá 16. mars 2000.

Reykjavík, 21. september 2009.

*Seðlabanki Íslands,*

**Már Guðmundsson**  
seðlabankastjóri.

**Sturla Pálsson**  
framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 25. september 2009